

Þjóðverjar flýja á mið- og Volturno-vígstöðvunum.

Bandamenn komast fyrir báða fylkingararma þeirra.

Þjóðverjar bjuggust við aðalárás hjá Capua

ÞJÓÐVERJAR láta undan síga á öllum vígstöðvunum vestan til á Ítalíu, allt frá sjó og upp í miðbik Appennínafjalla. Bandamenn fylgja þeim fast eftir, en sóknin er mjög örðug, bæði vegna þess, að Þjóðverjar verjast af mikilli hreyfingu og harðfengi en einnig vegna þess að aftur hefir brugðið til úrkomu og hefir vöxtur hlaupið í allar ár.

Sóknin er örðugust fyrir norðan Capua, því að þar taka við hæðir og fjöll. Milli Capua og sjávar eru hinsvegar sléttar grundir. Verkfræðingadeildir 5. hersins eru búnar að koma upp mörgum brúm yfir Volturno-fljótið og er með því tryggt, að honum muni berast nægar birgðir til að geta haldið áfram sókninni.

Þjóðverjar bjuggust við því, að bandamenn mundu leggja megináherzluna á að komast yfir Volturno-fljótið hjá Capua og skipaðu meginher sínum til varnar þar. Stórskotaliðinu var fylkt uppi í fjöllum þar fyrir norðan, þar sem það gat skotið niður á sléttuna.

En fyrstu sveitir bandamanna fóru yfir Volturno niður við ósana og tóku Þjóðverjar ekki eftir þeim, fyrir en mikil lið var komið yfir og það komið alllangt frá fljótinu. Hafði það þá fengið aðstöðu til að komast á hlið við þýzka liðið, sem var andspænis Capua.

Mikil lið var líka látið sækja fram eftir fjöllum, til stórskotaliðs Þjóðverja og miðaði því vel áfram, þrátt fyrir margvislegar torfærur. Þegar báðar þessar fylkingar sóttu fram svo geyst, sáu Þjóðverjar, að lið þeirrar milli þeirra var í vaxandi hættu og létu undan síga.

Vinstri fylkingararmur 8. hersins tekur þátt í þessari sókn með 5. hernum. Sækja þeir fram hlið við hlið um miðbik skagans — í Appennínafjöllum — og hafa Þjóðverjar neyðst til að láta undan síga þar einnig. Tilkyntu þeir síðdegis í gær, að þeir hefði yfirgefið borgina Campobasso, sem er nokkra km. frá Vinchiato. Báðar þessar borgir eru mikilvægar samgöngumiðstöðvar og einkum sú síðarnefnda.

Ný skriðdrekaþýssa.

Bretar eru fyrir skemmstu farnir að nota nýja tegund skriðdrekaþýssu. Hún skýtur skoti, sem vegur 17 pund og geta þau grandað tigrisdrekum Þjóðverja á 1000 m. færi. Það vildi svo einkennilega til, að þessar byssur voru teknar í notkun í Norður-Afríku sama daginn og Þjóðverjar beittu fyrst tigrisdrekum sínum, og vissu Bretar þá ekki að Þjóðverjar hefðu hafið framleiðslu þeirra, en höfðu gert ráð fyrir því, að þeir mundu koma til sögunnar fyrir eða síðar.

Síðustu fréttir

Herstjórn bandamanna tilkynnir, að hersveitir hennar hafi tekið Vinchiato, sem er á veginum milli Foggia og Rómaborgar.

Nýtt þýzkt vopn.

Þjóðverjar segjast vera farnir að nota nýtt og öflugt vopn í orustunum á Ítalíu.

Er þetta reyksprengjuvarpa, sem á að jafnaast á við sex stórar umsatursbyssur en er þó tíu sinnum léttari en slík byssa. Sprengjuvörpum þessum er komið fyrir rétt fyrir aftan stöðvar fótgönguliðsins og hafa það hlutverk að dreifa fjandmannaliði, þegar það er að safnast til árása. Hægt er að nota þrenskonar sprengjur, eftir því hvað á bezt við.

Nauðsyn á alþjóðasamvinnu eftir stríðið.

Ummæli þriggja Bandaríkjamanna.

Þrjú heimsunnir Bandaríkjamenn töluðu í gær um alþjóðasamvinnu eftir stríðið og nauðsyn hennar.

Wendell L. Willkie sagði, að það væri engum til góðs, að tveir eða þrjár bandamannaþjóðir tækju sig saman eftir stríðið og mynduðu varnar- eða sóknarbandalag. Eina lausnin fyrir frið væri að Bandaríkin, Bretland, Kína og Rússland gengjust fyrir stofnun alþjóðaráðs.

Henry Kaiser, skipasmíðakóngurinn, lét svo um mælt í ræðu sinni, að samvinna verzlunarflota allra þjóða eftir stríðið væri nauðsynleg, því að ekki mætti stofna til drepani samkeppni. Hann kvaðst ætla að stofna eimskipafélag til farþegaflutninga eftir stríð og mundi áhöfn hvers skipis fá hlutdeild í hagnaði þess.

Loks talaði Emory Land flotaforingi, formaður siglingaráðs Bandaríkjanna. Hann sagði, að Bandaríkin langaði ekkert til að verða öllu ráðandi á höfunum, þau vildu alþjóðasamvinnu í því efni.

Reykjavíkurbær hefir keypt útihúsin í Tungu og mun í ráði að þau verði leigð Hestamannafél. Fák gegn því skilyrði, að þar verði pláss fyrir óskúlaskeppur, sem finnast kunna í Þegarlandinu.

Mihailovitch hefir 300.000 mönnum á að skipa.

En hann vantar vopn handa þeim.

Ef bandamenn geta lagt til vopn og nauðsynjar, getur Mihailovitch vopnað 300.000 hermenn.

Mihailovitch hefir skýrt frá þessu í viðtali við foringja þá frá bandamönnum, sem hafa verið í heimsókn hjá honum. Hann sagði ennfremur, að hann hefði nú á að skipa um 180.000 mönnum víðsvegar um landið, sem hið þess með óþreyju að fá að berjast við Þjóðverja. Mihailovitch telur sig ekki hafa eins marga menn og Brozovitch, annar hershöfðingi, sem heldur uppi baráttu gegn Þjóðverjum.

Tjón, sem borgaði sig.

Það virðist hafa vakið nokkurn ugg í Bandaríkjunum, að ameríski flugerinn skyldi missa 60 stórar sprengjuflugvélar í einni árás.

Bæði Roosevelt forseti og Arnold yfirmaður flughersins hafa rætt um árásina við blaðamenn og telja, að ekki hafi verið of mikið í sölnunum lagt. Roosevelt sagði, að það væri ekki of dýrt að missa 60 flugvélar í árás á verksmíðjur, sem væri svona mikilvægar eins og kúlulegusmíðjurnar í Schweinfurt. Þessi árás, sagði forsetinn, mun hafa gríðarleg áhrif í stríðinu.

Arnold vildi líkja árás flugvélna við innrás heils hers, því að þær hefði unnið jafnmikil tjón og heill her. Sagði hann, að hinar mikilvægu verksmíðjur, sem ráðizt var á, mundu ekki starfa um marga mánaða skeið.

Blaðamenn spurðu Roosevelt forseta einnig um Rabaul-árása. Hann kvað hana mundu hafa gríðarleg áhrif á aðstöðuna fyrir norðan Ástralíu, en þó mundu Japanir enn hafa miklu liði á að skipa á þeim slóðum.

Fangaskipti.

Fangaskipti eru nú að hefjast í portugölsku nýlendunni Goa í Indlandi milli bandamanna og Japana.

Í gær kom þangað japanskt skip með hátt á annað þúsund fanga af bandarískum og kanadískum ættum, en sænska skipið Gripsholm er ventanlegt þangað í dag með álika marga Japani frá Bandaríkjunum. Sænski ræðismaðurinn í Goa sér um skiptin.

Hörð sókn Rússa norður af Krim.

Rússar við Kiev bæði fyrir sunnan og norðan.

Með estur hraði er nú í sókn Rússa í Suður-Ukrainu og hafa þeir einkum unnið á milli Melitopol og Zaporosje. Er horfur á að þeir loki leiðinni norður frá Krim, ef svo heldur fram sem að undanförunu. Kiev er líka í stórum aukinni hættu og eru Rússar komnir fast að úthverfunum.

Þegar Rússar voru búnir að taka Zaporosje snéru þeir hersveitum sínum strax suður á bóginn og sóttu í gær 23 km. beggja megin við járnbrautina til Melitopol og tóku nokkrar járnbrautastöðvar. Ennþá er larizt inni í Melitopol og hafa götubardagar staðið í meira en tvo sólarhringa.

Þjóðverjar höfðu viggirt Zaporosje með afbrigðum vel. Var þrefaldur varnabringur um borgina. Fyrst var m. a. 15 feta djúp skriðdrekastrygja, þá kom mikill fjöldi steinsteypra virkja og vélbyssuhreiðra og loks var

Rannsókn á olíufélögunum.

Þingmenn úr öllum flokkum bera fram þingsályktunartillögu um rannsókn.

Fjórir þingmenn úr öllum þingflokkum hafa borið fram tillögu til þingsályktunar í neðri deild alþingis um opinbera rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina. Flutningsmennirnir eru þeir Finnur Jónsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósepsson og Sigurður Bjarnason.

Svo sem kunnugt er, vakti skýrsla viðskiptamálaráðherra á Alþingi um olíuverðið gífurlega athygli, og í umræðunum, sem spunnust út af ræðu ráðherrans, strax á eftir, komu fram hávarær raddir um að hefja rannsókn á bókum og skjölum olíuverzlananna.

Nú er komin fram þingsályktunartillaga í þinginu, er krefst opinberra rannsókna, og er tillagan á þessa leið: Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Láta nú þegar fara fram opinbera rannsókn á bókum og skjölum olíufélaganna í þeim tilgangi að ganga úr skugga um, hvort skýrslur þær, sem þau hafa gefið viðskiptaráði um rekstur sinn og um verðlag á olíu og benzini, fái staðizt og hvort skattaframtöl þeirra hafi verið rétt. Enn fremur verði rannsókuð að öðru leyti framkoma olíufélaganna í olíusölu-málunum.
2. Undirbúa í samráði við millipinganeftnd í sjávarútvegs-málum og leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, löggröf um olíuverzlunina, er tryggi það, að notendur fái olíu og benzín með sannvirði.

Í greinargerðinni segir: Tillaga þessi er flutt í tilefni af skýrslu ríkisstjórnarinnar, er hún fluttu á Alþingi 13. þ. m. og birt hefir verið í blöðum landsins, um viðskipti ríkisstjórnarinnar og olíufélaganna. Telja flm. viðskipti þessi vera þess eðlis, að við svo húð megi þess eðlis, að við svo húð megi

Anglia hélt fyrsta fund sinn á þessu hausti í fyrrakvöld. Brezki sendiherrann, herra Shepherd, sagði frá því síni í Líberíu. Meðal gesta voru Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra og Key hershöfðingi.

Sóknin þyngist til Madang.

Enn nálgast bandamenn Madang, en fara mjög hægt. Herinn verður að leggja vegi að baki sér jafnótt og hann sækir fram, til þess að tryggja sér aðflutninga. Japanir verjast líka af æ meiri grimmd, eftir því sem nær dregur Madang. Flugvélar bandamanna hafa gert miklar árásir á flugvelli Japana hjá Madang og Gloucester-höfða á Nýja-Bretlandi.

Rjúpnaveiðar leyfðar.

Rjúpnaveiðar eru að þessu sinni leyfðar frá deginum í dag til áramóta.

Nokkur undanfarin ár hefir rjúpan verið friðuð allan ársins bring, einnig frá 15. okt. til áramóta með sérstakri reglugerð, en að þessu sinni þykir ekki ástæða til að láta hana gilda.

Sparið rafmagnið.

Bæjarbúar hafa vafalaust lesið í blöðum bæjarins áskoranir Rafmagnsveitu Reykjavíkur um sparnað á rafmagni.

Um þessar mundir er verið að hera þessar sparnaðaráskoranir prentaðar í hvert hús í bænum og er öllum rafmagnsnotendum ráðlagt að kynna sér þær sem bezt og fara eftir þeim. Margskonar vandræði stafa af því, hvað orka er oft litil, en ef allir leggjast á eitt ætti að vera hægt að bæta til muna úr þeim.

Frönskunámskeið verður sett í Háskóla Íslands mánudaginn 18. þ. m. kl. síðdegis. Ventanlegir þátttakendur, sem þegar hafa innritað sig, eru beðnir að koma þá til viðtals og einnig þeir, sem hafa í hyggju að stunda námskeiðið, en hafa ekki gefið sig fram enn þá.

Bolli Thoroddsen verkfræðingur er eini umsakjandinn um bæjarverkfræðingsstöðuna, en umsóknarfrestur var útrunninn í gær.

Þrjár merkar bækur væntanlegar á næstunni.

Ný skáldsaga eftir Hagalín, »Jörundur hundadagakongur«, og »Percival Keene«

NÝTT útgáfufyrirtæki er að hefja göngu sína hér í bænum um þessar mundir. Heitir það Bókfellaútgáfan og er Magnús Kjaran stórkaupmaður formaður þess, en framkvæmdarstjóri er Sigurjón Sigurðsson lögfræðingur.

Tiðindamaður Visis brá sér heim til Magnúsar í gær, til þess að spyrja hann fréttu af hinu nýja fyrirtæki.

„Hvaða bækur koma út hjá Bókfellaútgáfunni á þessu ári?“

„Það verður fyrst og fremst „Blitt lætur veröldin“, ný skáldsaga eftir Guðmund Hagalín. Höfundurinn telur hana einhverja sína beztu bók, og er í rauninni ekki þörf frekari meðmæla með henni, því að hann hefir lengi verið meðal vinsælustu skálda þjóðarinnar. En langi einhverntil að kynna bókinni lítilla, þá gefst tækifæri til þess bráðlega, því að Jón

Sigurðsson skrifstofustjóri ætlar að lesa kafla úr henni í útvarpið.

Þá kemur Jörundur hundadagakongur. Er það ævisaga hans eftir Rhys Davies, en hann byggir hana að öllu leyti á heimildum Jörundar sjálfs og samtíðarmanna hans. Kom þessi bók út í London fyrir þrem árum. Höfundurinn er þingmaður í neðri málstofu þreka þingsins og var fulltrúi hennar hér á Alþingishátíðinni árið 1930. Þýðandi er Hersteinn Pálsson ritstjóri. Er þetta mikil bók og skemmtileg. Frh. á 2. síðu.

VÍSIR

DAGBLAÐ

Útgefandi:
BLAÐAÚTGAFAN VÍSIR H.F.
Ritstjórn: Kristján Guðlaugsson,
Herstein Pálsson.
Skrifstofa: Félagsprentsmiðjunn
Afgreiðsla Hverfisgötu 12
(gengi inn frá Ingólfsstræti)
Símar: 1660 (tíu línur)
Verð kr. 4,00 á mánuði.
Lausala 35 aurar.
Félagsprentsmiðjan h.f.

Bezt er að fara stillt af stað.

Lýðræðishugmynd, sem einræðisheimur er af.

MORGUNBLAÐIÐ hefir séð ástæðu til að gera athugasemd við frásögn þessa blaðs af umbrotunum í flokkunum og fyrirætlunum ýmsra áhugasamra manna, svo sem Jónasar Jónssonar og Jóns Pálmasonar, um stofnun nýrra flokka. Við þessu er ekki nema gott eitt að segja og gefur ástæðu til frekari umræðna um málið, sem vel geta orðið almenningi til leiðbeiningar, enda er viðkumanlegra að menn vakni ekki upp við það einn góðan veðurdag, að gömlu flokkarnir séu undir lok lídnir, en nýir komnir í staðinn, en gefizt nokkurt tóm til að átta sig áður en skrifað skellur yfir. Skulu nú hugleiðingar þessa blaðs, þær er Morgunblaðið gerði að umræðuefni, skýrðar nokkru nánar.

Vikublaðið Ísafold og Vörður, er út kom 2. þ. m., birti svohljóðandi yfirlýsingu frá þeim Jóni Pálmasoni og Jóni Kjartanssoni:

„Með útkomu þessa tölu- blaðs hefst ný tilhögun á útgáfu Ísafoldar og Vardar. Útgefendur verða Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og útgáfustjórn Ísafoldar, og höfundur verður undirritaður verið ráðgjafi ritstjórna fyrst um sinn.

Með hinni nýju tilhögun er ætlunin sú, að blaðið geti sem bezt sinnt hinni almennu þjóðmálabaráttu samkvæmt stefnu Sjálfstæðisflokksins eins og hún er mörkuð á hverjum tíma. Með samvinnu við stærsta og fjölbreytasta blað landsins, Morgunblaðið, hefir blaðið tryggt sér hina sterkustu og hagkvæmstu aðstöðu til flutnings fréttu og allskonar fróðleiks. Munum við leggja áherslu á, að blaðið flytji lesendum sem gleggstar upplýsingar um helstu atburði utanlands og innan.“

Fleiri eru ávarpsorðin ekki, en þvi aðeins eru þau hér birt, að almenningur geti um dæmt hvort þetta blað hafi haft ástæðu til að taka grein Jóns Pálmasonar, er blaðið gerði að umræðuefni, alvarlega eða ekki. Þótt hér sé um óverulegan ágreining að ræða, virðist fullnægjandi skýringar þörf, og aldrei getur slíkt skaðað.

Ávarpið.

Menn skyldu ætla að fyrsta ávarp nýrra ritstjóra hefði ekki mikla hernaðarþýðingu almennt, en hér stendur óvenjulega á. Morgunblaðið hefir afhent Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins blaðið Ísafold og Vörð, en þó þannig, að annar ritstjóri Morgunblaðsins gegnir þar störfum áfram. Ávinningurinn

hornum sér og svarað skætingi einum. Hefir þessi framkoma vafalaust átt sinn þátt í óvinsældum skipulagsins alls, sem vegna ágalla þolir vafalaust heldur ekki gagnrýni.

Kommúnistar hafa risið öndverðir gegn tillögu þessari, með því að þeir vilja að bærin taki mjólkurstöðina í sínar hendur. Það er út af fyrir sig algert aukaatriði, sé máluðum að öðru leyti stjórnað á viðunandi hátt. Hin nýja mjólkurstöð verður byggð hvort sem er, og aðalatriðið er að hún reynist fullnægjandi, og uppfylli allar kröfur, sem til hennar á að gera í síðuðu þjóðfélagi, en aukaatriðið hitt hverjir fara með stjórn hennar, — sé það gert samvirkusamlega og með fulls tillits til nauðsynja neytendanna og óska.

af þessu segja ritstjórnir að sé „hagkvæmasta aðstaða til flutnings fréttu og hverskonar fróðleiks“. Vegna þátttöku Miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins í útgáfunni hefir ný ritstjóri verið ráðinn að blaðinu, en ávinningurinn við það er „að blaðið geti sem bezt sinnt hinni almennu þjóðmálabaráttu samkvæmt stefnu Sjálfstæðisflokksins, eins og hún er mörkuð á hverjum tíma.“ Með þessu er ekki einvörðungu sagt, að stefna miðstjórnarinnar hafi áður ekki verið rétt tilkúð í blaðinu, heldur og að Jón Pálmason eigi að túlka hana eins og hún er eða verður.

Ekki leikur vafi á því, að val ritstjórans hefir tekizt vel. Jón er maður greindur í bezta lagi, en auk þess góður drengur og hreinskilinn, og mun því ekki fullræða meira í greinum sínum en hann veit að óhátt er.

Fyrsti boðskapurinn.

Ritstjóra miðstjórnarinnar þykir að vonum vel við eiga að birta fyrir sína hönd (og hennar væntanlega) nokkra greinargerð varðandi landsmál- in almennt og þá vafalaust til að móta stefnuna eins og hún er, enda nefnir hann grein sína: „Flokkarnir og fólkid.“ Er þess ekki að dyljast, að margt í greininni er svo ljóst og ótvívert, að ekki veldur ágreiningi, en um annað hlýtur hver maður að hnjóta, með því að þar er flokkaskipting í landinu vegin og léttvæg fundin, en nýrrar lausnar leitad í tvískiptingu flokkanna.

Ritstjórnin telur réttilega, að Alþýðuflokkurinn og kommúnistar séu eitt og sama tóbakið, væntanlega eins og það gerðist lakast á stríðsárunum fyrri, eða að minnsta kosti svo eðlisskilt, að með þeim gæti tekizt úrhraksblanda í stjórnarmyndun, ef miðað væri við þverbrestina eina saman, en ekki önnur skilyrði, sem á skorti. Framsóknarflokkurinn sé hinsvegar stefnulaus flokkur og sundurlaus, enda séu þrjú á honum höfuðin. Hinsvegar segir ritstjórnin að „bændadeild“ Sjálfstæðisflokksins vilji binda trúss við hann, þó þannig að skilin verði að höfuð og limir og ýmsu varpað út í hín yztu myrkrur til kommúnistanna og hverfi þannig til upphafs síns. Þótt Framsóknarflokkurinn kunnir að þauka enn um skeið sé það ekki eðlilegt, „enda er þaðan kominn aðalástæðan til þess ófremdar- ástands, sem nú ríkir og lýsir sér gleggst í því, að eigi hefir tekizt að mynda ríkisstjórn á eðlilegan og venjulegan hátt.“

Niðurstaða ritstjórans

er svohljóðandi: „Af því, sem að framan er sagt, er augljóst að á því er mikil nauðsyn að

flokkaskipting í landinu breytist frá því sem nú er... Hvað flokkarnir heita er aukaatriði. En þeir eiga helzt eins og nú er komið að vera aðeins tveir.“

Í ávarpsorðum ritstjórnanna beggja er því yfirlýst, að Jón Pálmason eigi að túlka skoðanir miðstjórnar flokksins, og hvernig í ósköpunum á þá nokkrum manni til hugar að koma, sem ekki situr fundi í innsta bring flokksins, að hér sé ritstjóri miðstjórnarinnar að túlka eigin skoðanir, eða skoðanir bændadeildarinnar, en ekki miðstjórnarinnar, sem ritstjórnin segist sérstaklega eiga að bera fyrir brjósti. Ritstjórnin heldur svo áfram: „Annarsvegar mundu þá standa flestallir sveitamennt og allir þeir bæjarmenn í hópi verkamanna, embættismanna og atvinnurekenda, sem ekki hafa trú á allsherjar ríkisrekstri og þjóðnýtingu á atvinnuvegum landsins. Hinsvegar stæðu svo allir þjóðnýtingarmenn.“ — Þetta ætti að tryggja lýðræðið og þingræðið, og þegar svo væri komið ættu sennilega báðir aðilar að leggja hnefann á borðið og segja að dæmi Ófeigs úr Skörðum: „Hversu sýnist þér hnefi sá?“ NÚ er þetta nauðsyn, segir ritstjórnin, — nauðsyn til að bjarga lýðræði og þingræði!

„Bændadeildin.“

Sjálfstæðisflokkurinn hefir verið flokkur allra stétta og reynt að sinna því hlutverki sínu trúlega, með því að bera klæði á vopn, þegar bitrum eggjum hefir verið beitt um of í stéttabaráttunni. Þetta hefir flokkurinn því aðeins getað gert, að þar hafa allar stéttir landsins staðið sameinaðar. Nú gefur ritstjórnin þær upplýsingar, að innan flokksins starfi sérstök „bændadeild“, sem vilji samvinnu við nokkrum hluta Framsóknarflokksins. En ef nauðsyn krefur að bændurnir í flokknum skipi sér í sérstaka sveit og hana harðvítuga, rekur þá ekki einnig að hínu, að aðrar stéttir skipi sér í sveitir til varnar, og vinnur þá ekki bændadeildin beint að því, að fjölga flokkunum frekar en fækka þeim? Rekast þar ekki á orð og gerðir, og stofnar deildin ekki heinlínis fylgi flokksins í kaupstöðum í hreinan voða?

Hliðstæð barátta.

Hefði allt það, sem skráð er hér að framan, verið hugleiðingar einstaklings, sem ekki þyrfti að vera loftvog veðrabrigða og straumhvarfa í Sjálfstæðisflokknum, væri unnt að láta slíkar hugleiðingar land og leið, en því verður að mótmæla fyrir flokksins hönd, að hér sé boðað hin eina nauðsyn, sem flokkurinn sér í nútíð og framtíð. Hitt er annað mál, að ýmsir flokksmenn, og þá væntanlega bændadeildin fyrst og fremst, greina nýtt ljós í austri, sem hún væntir sér mikils af. Ber þess þá að geta, að Jónas Jónsson, eitt af þremur höfðum Framsóknarflokksins, hefir að undanfögnu þrástagað á því í grein eftir grein, að framleiðendur til sjávar og sveita ættu að mynda hagsmunasamtök sín í millum. Að visu hefir þetta verið orðað eitthvað á þá leið, að hrinda þyrfti uppivöðslusemi kommúnista af höndum sér og kæfa hana með öllu, til þess að bjarga við atvinnuvegunum í landinu.

Morgunblaðið virðist vilja telja slík samtök ópólitísk, en brjóstheilindi þarf til að bera slíkt fram fyrir neytendur í kaupstöðum. Fyrir Jónasi Jónssyni vakir að skipta þjóðinni í tvo harðvítuga flokka, þar sem

annarsvegar sé gætt hagsmuna framleiðendanna svokölluðu, en hinsvegar neytendanna.

Unnið er að því af fleirum en honum að skapa sterk frumframleiðendasamtök, sem óhjákvæmilega verða þrælpólitísk, á svipaðan hátt og Alþýðusambandið er og hefir verið, en almenningur verður að fylgjast vel með því, sem fram kemur í dagsljósið, en geta sér til um hitt, sem gerast kann á bak við tjöldin.

Tveir flokkar og lýðræðið.

Hættulegur misskilningur er það, að ef tveir flokkar störfuðu einir í landinu yrði þingræði og lýðræði tryggt. Væri þetta rétt kenning, hefði Sjálfstæðisflokkurinn undan engu stað af kvarta í kosningum í tvímenningsskjórdæmum, þar sem báðir framþjóðendur hans féllu, þótt þeir hefðu yfir helming atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn sá að hér var ekki farið að lýðræðisreglum og hratt af sér okinu. Væru tveir flokkar starfandi í Alþingi gæti eins eða tveggja atkvæða meirihuti, sem þó hefði mikinn minnihluta þjóðarinnar á bak við sig, ráðið því hverjar öfgarnar yrðu ofan á, og svo yrðu kné látin fylgja kviði og „at unnið“ án þess að hlífast við. Þjóðin yrði dæmd til illvígari deila en nokkru sinni fyr og voðinn væri vis. Þegar þar við bættist að sveitamennt hafa margfaldan kosningarétt á við Reykvikinga sjá allir hversu fráleitt sú kenning er, að nú sé aðeins nauðsyn tveggja flokka í landinu. Með því móti fengi lýðræðið ekki að njóta sín, heldur flokksræðið, sem stundum getur verið hið sama og einræðið.

Flokkarnir og stjórnin.

Hinar óhyggilegu hugleiðingar ritstjórans virðast fyrst og fremst stafa af því, að hann telur að ríkisstjórnin, eða nú situr, geri það hvorki að lýðræðis- né þingræðisreglum, enda fullyrðir hann að svo sé. Þetta er gömul blekking, sem fyrir löngu er niður kveðin, og enginn heilvita maður ætti að láta sér um munn fara. Stjórnin er skipuð með óvenjulegum hætti, en alþingismenn ættu sjálfir að geta sagt sér hvort stjórnin hliti ekki að öllu þingræðis og lýðræðisreglum, enda láta flokkarnir sér mjög um það hugað, að virðing Alþingis verði ekki að þessu leyti skert. Mynduðu flokkarnir stjórn, er styddist við veikan meirihluta þings, væru þeir dæmdir til pólitísku dauða.

Hlutlaus utanflokkastjórn getur ein bjargað í bili. Hættulegast af öllu væri að stofna af þróngsýni til nýrrar flokkaskiptingar, sem óhjákvæmilega byði öfgunum heim. Beri að skoða hugleiðingar ritstjórans sem hans einkafyrirtæki, eru þær meinlausar. Standi bændadeildin að þeim eru þær hættulegar, en sé meiri hluti flokksins sama sinnis veldur það algeru hruni hans. Um þetta verður ekkert fullyrt, en tíminn leiðir allt í ljós. Við biðum og sjáum hvað setur.

Kristján Guðlaugsson.

Brot á verðlagsákvæðum.

Nýlega hafa eftirgreind fyrirtæki á Ísafirði verið sektað sem hér segir fyrir brot á verðlagsákvæðum. Verzlun Guðmundar Björns- sonar. Sekt og ólöglegur hagnaður kr. 350.00. Verzlunin hafði selt kartöflur of háu verði. Veitingastofan Vitinn. Sekt og ólöglegur hagnaður 200 kr. Reykjavík, 14. október 1943. Skrifstofa verðlagsstjóra.

Bókfellsútgáfan.

Frh. af 1. síðu.

Loks er væntanleg innan skamms drengjabókin Percival Keene eftir Marryat. Hún kom í Nýjum kvöldvökum um aldarmótin, en hér er á ferðinni ný þýðing með myndum. „Hvað er svo væntanlegt á næsta ári?“

„Þá ætlum við að gefa út ferðabók Dufferins lávarðs, „Letters from high latitudes“, í þýðingu Lárusar Blöndals bókavardar. Síthvað fleira höfundum við á þrjú árin, sem þó er of snemma að geta um, en þó er óhátt að láta það uppskált, að við erum að hugleiða ódýra útgáfu alþýðlegra fræðibóka.“

Í stofunni þar sem tíundamaðurinn rabbar við Magnús eru gríðarstórir bókasafar, fullir af allskonar merklögum bókum „á öllum aldri“. Það gefst því miður ekki tími til að skoða þær að þessu sinni, en áður en tíundamaðurinn kveður herjar hann loforð út úr Magnúsi um að fá að lita inn seinna og spyrja hann nokk- urre spurninga um bókasafnið.

Íslenkza frimerkjabókin

fæst hjá bóksöllum



Skemmtikvöld

heldur félagið fyrir meðlimi sína og gesti þeirra að Félagshöllum í kvöld kl. 10. Hásinu verður lokað kl. 11. Meðlimir vitji aðgöngumiða í dag kl. 6 til 7. Skemmtinefndin.

Barnlaus hjón

sem fara af landi burt, óska eftir herbergi frá 20. þ. m. til 14. nóv. Tilboð, merkt: „500“ sendist Visi strax.

Kven og karlmannahanzkar

fóðraðir og ófóðraðir.

H. Toft

Skólavörðustíg 5. Sími 1035.

Stúlka

óskast til léttra innanhússtarfa hálfan eða allan daginn. Sérherbergi. — Uppl. í síma 3170.

Góð stúlka

óskast til eldhúsverka. Ennfremur stúlka við uppþvott frá kl. 12—2. MATSALAN, Bröttugötu 3 A. Herbergi fylgir. Hátt kaup. — Góður vinnutími. — Uppl. á staðnum.